

Upplýsingaráðsfundur 28. September

Mættir Jón Halldór Jónasson (JHJ), Heiður Dögg Sigmarsdóttir (HDS), Helga Stefánsdóttir (HS) og Eva Rós Sveinsdóttir (ERS).

1. Skátabúningurinn: Stiklað á stóru um reglugerð búninga. Og breytingar ræddar á hátíðarklút, töluverðar umræður sköpuðust í kringum. Fyrir fund lagði JHJ eftirfarandi tillögu/texta fram: *„Upplýsingaráð samþykkir að hefja vinnu við endurnýjun búninga-, einkennismerkja- og heiðursmerkjareglugerða skáta. Leiðarljós í þeirri vinnu verður að mæta breyttum þörfum skáta vegna dagskrárbreytinga og hvatningarmerkja. Einnig að færa regluverkið þannig að það sé í takt við tíðarandann og léttari stemningu. Einnig þarf að taka formlega afstöðu til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á merkingum án þess að eiga sér stað í reglunum, sem og að skapa peysum, bolum og öðrum hipp og kúli réttmætan sess. Eðli málsins samkvæmt þarf að eiga samráð við skátafélög, önnur fagráð, stjórn BÍS og Skátamiðstöð í þessari vinnu. Helga Stefánsdóttir leiði vinnu ráðsins í þessum málaflokki. Hugmyndir að tímaáætlun og nálgun þessarar vinnu liggja fyrir á fundi upplýsingaráðs í síðasta lagi í nóvember. „*

Farið var yfir gildandi reglugerðir sem aðgengilegar eru á vef skáta:

- Reglugerð um skátabúninginn er frá 11. mars 1997. Augljóst er af heitum ýmissa aldursstiga skáta að hún er ekki í takt við núverandi starfsskipulag skáta. Það eitt kallar á breytingar.
- Reglugerð um einkennismerki skáta er einnig frá 11. mars 1997
- Reglugerð um heiðursmerki er nýlegar fægð og er frá 10. maí 2005
- Einnig punkta frá Gunnlaugi Braga og Braga Björnssyni um breytingu á reglugerðinni.

Vegna framleiðslu á skátaklútum liggur fyrir fundinum ósk um leiðbeinandi ákvörðum um staðsetningu og stærð merkis á hátíðarklútum. Upplýsingaráð samþykktir heimild til að breyta staðsetningu og stærð á ísaumuðu merki BÍS aftan á hátíðarklúti skáta til samræmis við aðra klúta þar sem merkið er einnig haft (fjólublái klúturinn). Samþykkt staðsetning í samræmi við fyrirliggjandi teikningu og málsetningar.

Óskaði JH eftir því fyrir fundinn að ERS myndi setja saman málsetta tillögu um þetta efni. Að ERS myndi taka ljósrit af klútunum og skrifað málin inná, dagsetningu og að þetta væri tillaga til Upplýsingaráðs – svo ekkert færi á milli mála. Hermann sagði þetta óþarfa og óþarfi væri að flækja hlutina um of. JHJ bókaði í framhaldi af þessu mótmæli við vinnubrögðum varðandi þetta og kvartaði yfir óþarfa áreiti (vísað til HS). Ákvörðun upplýsingaráðs var sú að hafa BÍS merkið í sömu stærð og á fjólubláu klútunum.

2. Kynningarvika:

Upplýsingaráð óskar eftir að tekið verði saman yfirlit yfir hvernig kynningarvikan heppnaðist. Sérstaklega verði dregið saman hvernig tókst til hjá skátafélögum? Horft verði til þeirra aðferða sem þau nota til að fá nýja féлага, hvað heppnast best í þeim efnum?

- Hvað byrjuðu margir nýir skátar í haust - og á hvaða aldri eru þeir?
- Hvað hindranir eru helstar hjá skátafélögum gagnvart nýliðun?
- Hvað hættu margir - og á hvaða aldri voru þeir?
- Hvaða ástæður eru helstar fyrir að skátar hætta?
- Er það kannað - ef ekki af hverju ekki?
- Skátamiðstöðin kannaði í sumar óskir skátafélaga um fjölda bæklinga og plakata sem þau vildu fá. Hvernig er munur á því sem dreift var og því sem óskað var eftir?

Upplýsingaráð óskar eftir að þessar upplýsingar liggi fyrir innan mánaðar og þiggur einnig gjarnan skoðanir starfsmanna á að hvaða leiðir eru vænlegastar í að styðja skátafélögin við nýliðun að hausti. Upplýsingaráð stefnir að því að í janúar liggi fyrir hugmyndir um hvernig staðið verði að kynningarviku haustið 2016.

Rætt var um hvort ekki væri sniðugt að sjá hvaða skátafélög væri að gera hlutina rétt? Væri að halda skátum inni, og hvort að við gætum nýtt það og smitað því yfir í hin félögin. Stuðningur og eftirfylgni frá Skátamiðstöðinni mætti vera meiri – rædd sú tillaga að Skátamiðstöðin hringi amk einu sinni í mánuði í hvert skátafélag til að tékka stöðunni og hvort það sé eitthvað sem að Bandalagið geti hjálpað þeim við.

3. Bland í poka: ERS óskar eftir meiri þátttöku frá Upplýsingaráði, en ráðið óskaði eftir því að vera með tvo dagskrárliði á BÍP. Komumst að því að við þyrftum að slaufa af öðrum liðnum og sá ERS um það að bóka það hjá Döggu. Útlit fyrir að einungis HDS fari, JHJ ætlar að skoða málið fram á miðvikudagskvöld.
4. Ungir talsmenn: Frábært að þetta verkefni sé komið af stað – er í höndum Liljars og HDS. Rætt var um hvort að við ættum ekki að finna einn fulltrúa í ráðið sem væri á aldrinum 18-25 ára. (Sbr. eftirfarandi tillaga frá JHJ í tölvupósti: Í nýjum lögum BÍŚ segir að í hverju fastaráði BÍŚ skuli vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18 - 25 ára. (25. grein). Kjörlið verður eftir þessum lögum á næsta skátaþingi.) Ágætis vettvangur til að finna fulltrúa í ráðið væri t.d. ungmennapíngið „RUS“ sem verður haldið á Akranesi 6.-8. nóvember nk.
5. Leturgerðir á dagskrárvef: Guðmundur Pálsson hafði óskað eftir því að við tækjum fyrir leturgerð í lógóinu á nýja dagskrárvefnum. Samþykkt var að halda lógóinu eins og það er á dagskrávefnum núna (sbr. Mynd)

DAGSKRÁR
VEFURINN

Skátarnir

6. Skátablaðið: Ákveðið var að upplýsingaráð muni gefa út skátablað í nóvember. ERS sett í það að athuga hversu mikið upplag við höfum fjármagn í að gefa út. Rætt var að hafa það í svipuðu sniði og síðast – en að hafa meiri fókus á yngri skáta, of mikið efni um eldri skáta í síðasta tbl.
7. Annað:
 - Snapchat – til er aðgangur sem hefur aldrei verið virkjaður. Liljar er með aðganginn að því. Um að gera að leyfa t.d. Ungmennaráðinu að fá aðganginn fyrir RUS. Hafa virkni á þessu – náum til svo mikils hóps af skátum á aldreinum 14-30 ára.

- Instagram – erum með aðgang þar sem er ekki nógu virkur. Spruning um að setja #hashtag leik í gang, virkja þar með skátana til að nota #skatarnir sem hashtag. Verður að vera meiri virkni á samfélagsmiðlunum okkar.
- Twitter – aðgangurinn þar ekki notaður erum með um 30 fylgendur. Betra að vera ekki með aðgang en að hafa hann og nota hann ekki.
- Ungmennaráð – gætum kannski reynt að virkja þau meira á samfélagsmiðlunum. Ef að þau fá snapchat aðganginn, gætu kannski einnig verið til í að sjá umn Twitter.

Fundarritari: ERS